

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík



Reykjavík 3. september 2020

**Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, með síðari breytingum (framlenging).**

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í frumvarp, atvinnuveganefndar, til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Frumvarpið mælir fyrir um að lengja eigi í því tímabili sem seljendur pakkaferða geta sótt um lán til Ferðaábyrgðarsjóðs til að standa við endurgreiðslukröfur gagnvart neytendum samkvæmt lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun vegna afbókaðra og aflýstra pakkaferða verði framlengt um tvo mánuði. Lengja á í tímabilinu sem pakkferð á að koma til framkvæmda, í núgílandi lögum er miðað við ferðir sem áttu að koma til framkvæmda á tímabilinu 12. mars til 31. júlí 2020. Í frumvarpinu er það tímabil lengt til 30. september 2020.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að tilgangur sjóðsins sé að að bregðast tímabundið við neikvæðum áhrifum kórónuveirufaraldursins á starfsemi seljenda pakkaferða og neytendur. Sjóðurinn veitir seljendum pakkaferða lán til að standa skil á endurgreiðslukröfum neytenda vegna pakkaferða sem hefur verið aflýst eða þær verið afbókaðar vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna sökum kórónuveirufaraldursins.

### **Framkvæmdin á landmærum jafnast á við lokun**

Frá 19 ágúst sl. velja farþegar sem koma til Íslands um að fara í 14 daga sóttkví við komuna til landsins eða fara í sýnatöku á Keflavíkurflugvelli eða á öðrum landamærastöðvum og fara síðan í sóttkví þar til niðurstöður liggja fyrir úr seinni sýnatöku 4-5 dögum eftir komu til landsins.

Sú ákvörðun að breyta framkvæmdinni á landamærum var tilkynnt með nokkra daga fyrirvara án fyrirsjáanleika og ábendinga um að slík ákvörðun væri í farvatninu. Með þeirri ákvörðun var fótunum kippt undan ferðaþjónustunni í landinu. Í kjölfarið af þeirri ákvörðun hafa þeir sem eiga pantaða pakkaferð í haust óskað eftir

endurgreiðslu enda forsendur ferðar þar sem svona framkvæmd er á landmærum ekki til þess fallin til að hægt sé að standa við ferðina.

### Skortur á fyrirsjáanleika, varfærni, festu, gagnsæi og meðalhófi

Í ljós þess að enginn fyrirsjáanleiki er í aðgerðum stjórnvalda á landmærum er ekki hægt að gera ráðstafanir til framtíðar og allar ferðaáætlanir til lengri tíma í uppnámi. Stjórnvöld virðast ekki taka ákvarðanir á grundvelli rökstudds forsendumats heldur í flýti án þess að bera saman mismunandi ákvarðanir og hvaða afleiðingar þær geti haft. Í þannig ástandi er ekki hægt að gera ráðstafanir. Þó stjórnvöld breyti núverandi ákvörðun t.d. með því að huga að meðalhófsreglunni og skyldi erlenda ferðamenn til að fara í eina sýnatöku en aðra, Íslendinga og erlenda ríkisborgar sem vinna hér á landi, til að fara í óbreytt fyrirkomulag þá getur ferðaþjónustan ekki gert ráð fyrir að sú ákvörðun haldi til langs tíma enda skortir festu, sjálfbærni, gagnsæi og stöðuleika. Aðgerðir stjórnvalda án beinna tillagna frá sóttvarnarlækni hafa einmitt skort alla þessa eiginleika. Það sem ferðaþjónstuna þarf nú er einmitt fyrrgreind festa og fyrirsjáanleiki og því þarf að lengja í báðum þessum tímabilum svo fyrirtæki hafi einhverja vissu um framhaldið.

#### *Tillögur til breytinga:*

*Í ljósi framangreinds fara SAF fram á lengt verði enn frekar í báðum tímabilunum.*

- *Í stað dagsetningarinnar „31. júlí 2020“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: **30. nóvember 2020.***
- *Í stað dagsetningarinnar „1. september 2020“ í 1. málsl. 10. mgr. kemur: **1. desember 2020***

Það er mat samtakanna að ofangreindar tillögur rúmist innana núverandi fjárheimilda sjóðsins.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



*Jóhannes Þór Skúlason*

*framkvæmdastjóri*